

REGLUGERÐ

um tilkynningarfrest slysa samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

1. gr.

Tilkynning um slys.

Þegar að höndum ber slys sem ætla má bótaskyldt samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, (slysatryggingar) skal atvinnurekandi eða hinn tryggði, ef ekki er um atvinnurekanda að ræða, tafarlaust senda tilkynningu um slysið til Tryggingastofnunar ríkisins. Tilkynningin skal vera í því formi sem stofnunin ákveður. Utan Reykjavíkur má þó senda tilkynningu til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans og lögreglustjóri sendir tilkynninguna til Tryggingastofnunar ríkisins ásamt nauðsynlegum upplýsingum.

Hinum slasaða eða þeim öðrum sem vilja gera kröfu til bóta vegna slyssins ber að fylgjast með því að tilkynningarskyldunni sé fullnægt og geta þessir aðilar leitað aðstoðar lögreglustjóra ef atvinnurekandi vanrækir tilkynninguna.

2. gr.

Tilkynningarfrestur.

Ef sá sem átti að tilkynna um slys hefur vanrækt það skal það eigi vera því til fyrirstöðu að sá sem fyrir slysinu varð eða eftirlátnir vandamenn hans geti gert kröfu til bóta ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slys bar að höndum. Tilkynningarfrestur er því eitt ár frá slysdegi. Heimilt er þó að greiða bætur samkvæmt reglugerð þessari þótt liðið sé ár frá því að slys bar að höndum ef atvik eru svo ljós að drátturinn torveldar ekki gagnaöflun um atriði er máli skipta.

3. gr.

Skilyrði þess að fallið sé frá kröfu um að slys sé tilkynnt innan tilkynningarfrests.

Skilyrði þess að fallið sé frá kröfu um að slys sé tilkynnt innan tilkynningarfrests er að fyrir liggi öll nauðsynleg gögn sem varpað geta ljósi á málið, þar með talið gögn frá þeim lækni sem sá slasaða fyrst eftir slys eða þeirri sjúkrastofnun sem hann leitaði fyrst til, svo og gögn um fyrra heilsufar slasaða. Jafnframt er skilyrði að fyrir liggi læknisfræðilegt mat á orsakasambandi, þ.e. að unnt sé að meta orsakasamband slyssins og heilsutjóns slasaða.

Almennt skal ekki fallið frá kröfu um að slys sé tilkynnt innan tilkynningarfrests þegar liðið hafa meira en 10 ár frá því að slys bar að höndum og þar til það er tilkynnt til Tryggingastofnunar ríkisins.

4. gr.

Fyrning bótaréttar.

Bætur slysatrygginga almannatrygginga eru sjúkrahjálpar, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur.

Bætur vegna sjúkrahjálpar, dagpeninga og dánarbætur skal aldrei úrskurða lengra aftur í tímann en tvö ár frá þeim tíma þegar slysið var tilkynnt til Tryggingastofnunar ríkisins. Tíma- mark þetta gildir ekki að því er varðar slysalífeyri.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 2. mgr. 23. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla brott reglur tryggingaráðs nr. 709/1999 um tilkynningarfrést slysa samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. mars 2005.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.